

Dagana 4. – 14. febrúar var lögð vefkönnun fyrir pólska foreldra til að kanna viðhorf þeirra til pólskukennslu í Tungumálaveri, en sú starfsemi er að frumkvæði Menntaráðs og jafnframt er hún samhljóma § 16 í lögum um grunnskóla, 2008: "Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli." Könnunin var send út til 70 foreldra og þar af eiga sex þeirra fleiri en eitt barn í náminu. Þá 10 daga sem slóðin var opin svöruðu 50 foreldrar könnuninni, en það gerir um 70% þátttakenda. Könnunin náði ekki til foreldra þriggja nemenda þar sem þeir hafa ekki aðgang að tölvupósti.

Spurningarnar voru í nokkrum flokkum:


- Almennar spurningar um kyn, aldur og lengd dvalar barns á Íslandi.
- Spurningar er lúta að miðlun upplýsinga til foreldra s.s. um hvað börnum þeirra er kennt, hvernig kennslan er útfærð og hvernig staðið er að mati.
- Spurningar er snúa að viðhorfi foreldra til mikilvægis pólskukennslunnar sem hluta af skyldunámi.
- Spurningar er varða inntak náms, eðli og þyngd viðfangsefna og í hvaða mæli nemendur þarfnast aðstoðar við heimanám.
- Spurningar um samskipti við kennara og Tungumálaver, menningarsamkomur og samskipti við aðra foreldra.
- Leitað var eftir hugmyndum foreldra um menningarviðburði og atriði á heimasíðu.

Spurningarnar voru að mestu fjölvals- og felligluggaspurningar, en einnig var þátttakendum gefinn kostur á að svara með texta og koma með tillögur að umbótum á framkvæmd kennslunnar og starfsins í heild.

Niðurstöður

A. Almennar spurningar um kyn, aldur, lengd dvalar barns á Íslandi

Foreldrar 28 stúlkubarna svöruðu könnuninni og 22 drengja. Fram kemur að flest barnanna hafa búið á Íslandi í 2-4 ár eða 33, 11 nemendur hafa verið hér lengur en fjögur ár og 6 styttra en eitt ár.




B. Spurningar er lúta að miðlun upplýsinga til foreldra um hvað börnum þeirra er kennt, hvernig og hvernig staðið er að mati.

Könnunin leiðir í ljós að 34 foreldrar telja sig vita vel eða mjög vel **hvað** nemendum er kennt og 16 foreldrar svara *hvorki né eða minna*. Svipaðar niðurstöður gilda um upplýsingar um **hvernig** nemendum er kennt og hvernig **mat** fer fram: 36 telja sig hafa góðar eða mjög góðar upplýsingar og 14 eru frekar ósammála eða ósammála.



Þessar niðurstöður verða teknar sem ábending um að bæta upplýsingar til foreldra um áherslur í kennslu og mati í Tungumálaveri.

C. Spurningar er snúa að viðhorfi foreldra til mikilvægis pólskukennslunnar sem hluta af skyldunámi.

Fram kemur hjá 47 foreldrum að þeim finnst mikilvægt eða mjög mikilvægt að barnið efli tengsl við menningaruppruna sinn. 49 foreldrum finnst mikilvægt eða mjög mikilvægt að barnið eigi þess kost að læra pólsku sem hluta af skyldunámi og sami fjöldi segir það mikilvægt eða mjög mikilvægt fyrir sig að skólayfirvöld virði menningaruppruna barnanna með því að bjóða upp á pólskukennslu. *Mjög mikils virði* svöruðu 90% þátttakenda, *mikils virði* 8% og *hlutlausir* voru 2%.





Allir 49 foreldrar telja það *mikilvægt* eða *mjög mikilvægt* að kennarinn þekki vel til pólskara menningar og tungu. Í könnuninni kemur einnig fram að 48 foreldrar telja pólskunámið skipta *miklu* eða *mjög miklu* máli fyrir vitsmunaproska barnsins (74% segja það *mjög mikilvægt*, 22% *mikilvægt* og 4% eru *hlutlausir*). 46 foreldrar segja að það skipti *miklu* eða *mjög miklu* máli fyrir félagsprosa þess (72% segja það *mjög mikilvægt*, 20% *mikilvægt* og 4% eru *hlutlausir*, 4% telja það skipta litlu máli).



Starfsmenn Tungumálavers hafa séð hve miklu máli skiptir að nemendur eigi þess kost að kynnast pólskum nemendum úr öðrum skólum, að læra í hópi jafningja sem eiga sama tungumál, líkamstjáningu, sögu og menningu sameiginlega. Ekki skiptir minna máli að hafa kennara sem þekkir siðvenjur upprunamenningar og tungu; hefur umburðarlyndi heimamenningar og kann að setja mörk á forsendum þess sem börnin alast upp við heima.

D. Spurningar er varða inntak náms, eðli og þyngd viðfangsefna og í hvaða mæli nemendur þarfnast aðstoðar við heimanám.


34 foreldra telja að þemu og viðfangsefni sem börn þeirra glíma við *mikið* (23%) eða *mjög áhugavekjandi* (44%) og allt í lagi (28%). Foreldrar telja þau *nokkuð* (8%), *frekar auðveld* (46%) og *auðveld* (46%) og að nemendur þurfa almennt litla hjálp við heimanámið, eða í 9 tilvikum. Þetta eru þó skilaboð til starfsmanna Tungumálavers um að vera ávallt á varðbergi þegar kemur að vali og gerð viðfangsefna. Það vekur upp hugmyndir um að fá nemendur til að meta viðfangsefni vetrarins í annarlok áður en endurskoðun á þeim fer fram.



E. Spurningar um samskipti við kennara og Tungumálaver, menningarsamkomur og samskipti við aðra foreldra.

Oftast hafa foreldrar samband að frumkvæði kennara og þá oftast en 2 sinnum í mánuði. Algengast er að samskiptin eigi sér stað í síma eða með tölvupósti. Nokkrir segjast líta við í Tungumálaveri fyrir eða eftir kennslu. 32 foreldrar óska eftir því að hafa meira samband við kennara.

13 foreldrar segjast hafa sótt menningarviðburði í Tungumálaveri í tengslum við Nikulásarhátíð/ Wiglia eða skólalok, 22 segjast ekki hafa gert það og 15 nefna að þeir hefðu gjarnan viljað vera með en ekki átt tæk á því. (Tak = já, Nie = nei, Chętnie, ale akurat nie mogłem na nie się wybrać = Hefði gjarnan viljað vera með en átti þess ekki kost.)




Mæting á menningarsamkomur

Þessar menningarsamkomur telja 39 foreldra *mikilvægar* (43%) eða *mjög mikilvægar* (37%), en einungis þriðjungur telur þörf á fleiri samkomum af þessu tagi.


Þótt meginþorri nemenda sé búsettur innan marka Reykjavíkur eru nokkrir sem búa í öðrum landshlutum og stunda netnám. Eðli málsins samkvæmt taka þeir ekki þátt í samkomum sem haldnar eru. Sama gildir um foreldra sem vinna langan vinnudag og vinnutími þeirra stangast á við starfstíma skóla. Sjá ummæli í kafla F.

Foreldradaga telja 47 svarenda *mikilvæga* (32%) eða *mjög mikilvæga* (62%) sem samskiptavettvang við kennara. En eins og sjá má af myndinni eiga ekki allir foreldrar þess kost að sækja þá.



Mæting á foreldrafundi

Fram kemur að einungis 21 foreldrum finnst *mikilvægt* (21%) eða *mjög mikilvægt* (16 %) að hitta aðra foreldra, 20 eru *hlutlausir* (40 %) gagnvart spurningunni og 9 finnst að *ekki sérlega mikilvægt* (18 %).



Starfsmenn Tungumálavers telja þrátt fyrir takmarkaðan áhuga foreldra á samskiptum við aðra foreldra mikilvægt í nemendahópi sem er jafn dreifður og raun ber vitni að rækta foreldrasamstarfið. Þetta er mikilvægt til að foreldrar þekki til hvers annars, hafi upplýsingar um nöfn annarra foreldra, símanúmer og netföng. Áhersla er lögð á að veita þessar upplýsingar til foreldra innan hvers hóps á foreldradegi að hausti. Sjá jafnframt ummæli í kafla F.

F. Leitað var eftir hugmyndum foreldra um foreldrasamstarf, námið, inntak náms, menningarviðburði og atriði á heimasíðu.

Um foreldrasamstarf

- Það er mikilvægt að foreldrar eigi kost á að hafa samband sín á milli á sama hátt og nemendum býðst.
- Það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá að vita hvað aðrir foreldrar eru að hugsa, getum borið saman bækur okkar við þá og þegið ráðleggingar frá þeim.
- Foreldrafundir eru nauðsynlegir fyrir mig og mitt barn og það sem okkur varðar.
- Erfitt að sækja fundi eftir skóla/vinnu.

Um þemu og viðfangsefni náms

- Þemu sem tengja nútímaviðburði og pólska sögu.
- Sækja á hugmyndir til nemenda
- Gott væri að skipuleggja vettvangsferðir, t.d. um næsta nágrenni skólans í upphafi skólaárs og við lok þess.

Um námið

- Ég vildi að nemendur lærðu meiri sjálfstæð vinnubrögð, skrifuðu ritgerðir um flóknari efni og lærðu meiri málfræði.
- Það er mikilvægt að hvetja nemendur til að lesa bækur – ekki bara vegna þess að þeir eiga að lesa. Það þarf að kynna fyrir þeim bókmenntir við hæfi. Það reynist foreldrum erfitt ef áherslur heima fyrir og í skólanum stangast á.
- Ég er afar þakklát fyrir að sonur minn á þess kost að læra pólsku í skólanum.
- Anna er afar góður kennari, svo þolinmóð, róleg og góð.
- Það er mikilvægt og ómetanlegt að dóttir okkar eigi kost á að læra pólsku og við erum afar þakklát fyrir það.

Um menningarviðburði

- Maður hefur þörf fyrir að hitta annað fólk.
- Menningarviðburðir veita okkur tækifæri til að vera í tengslum við menninguna okkar. Áður voru viðburðir eins og þessir ekki í boði.
- Það er erfitt að koma í skólann seint á degi eftir vinnu.
- Það er erfitt fyrir okkur sem ekki búum í höfuðborginni að sækja menningarviðburði á vegum Tungumálaversins.

Um vefsíðuna

- Heimasíðan hefur allar nauðsynlegar upplýsingar.
- Að mínu mati er heimasíðan vel skipulögð.
- Börnin nota heimsíðuna oft en foreldrarir og ég sem foreldri einbeiti mér að því að aðstoða barnið mitt við heimanámið.
- Það vantar upplýsingar um námskeið í pólsku og aðstoð við námið, viðbótar efni til heimanáms og ítarefni um Pólland og pólsku.
- Ég hef ekki skoðað heimasíðuna og hef enga skoðun á henni.

Samantekt

Niðurstöður þessarar netkönnunar gefa vísbendingar um pólskukennsluna í Tungumálaveri, enda er könnunin hugsuð og gerð með innra mat og endurskoðun í huga.

Fram kemur að almenn ánægja er meðal forelda um að skólayfirvöld í Reykjavík sýni uppruna barnanna þá virðingu að börn þeirra eigi kost á námi í pólsku sem hluta af skyldunámi. Einnig kemur fram að meginþorri pólskra barna hefur ekki dvalið lengi á Íslandi. Foreldrum er mikilvægt að börnum þeirra bjóðist nám í móðurmáli og að lögð sé í einhverjum mæli rækt við menningu heimalandsins.

Foreldrar telja að nám í móðurmálinu sé mikilvægt þegar að vitsmunabroska barnanna kemur. Álit þeirra endurspeglar evrópskar áherslur sem hafa verið í mótun og endurskoðun undanfarna áratugi og varða menntun barna innflytjenda. Framan af var áherslan á að auðvelda nemendum að snúa aftur í skóla heimalandsins, en nú orðið er litið svo á að móðurmál innflytjenda í nýju landi sé sé brú milli tveggja menningarheima: „*Those responsible for integrating immigrant children into the education systems of many European countries continue to attach importance to teaching these children their mother tongue but with the [. . .] aim of supporting pupils whose families wish to settle in the host country* (Eurydice, 2009).¹

Foreldrar telja afar mikilvægt að menning upprunalandsins sé höfð í heiðri í skólasterfinu. Á það er lögð áhersla í Hvítbók Evrópuráðsins um “*the genuine recognition of, and respect for, diversity and the dynamics of cultural traditions, ethnic and cultural identities, religious beliefs, artistic, literary and socio-economic ideas and concepts*”, and that “*the harmonious interaction of persons and groups with varied identities is essential for achieving social cohesion*”.²

Foreldrar telja líka að námið sem nemendum býðst sé mikilvægt fyrir félagsþroska nemenda. Þótt ekki hafi verið gerður greinarmunur á viðhorfi foreldra nemenda annars vegar í 7./8. bekk og hins vegar í 9./10. bekk, reynir fyrst og fremst á félagsfærni og félagsþroska í staðnámi fyrir 7. og 8. bekkina. Kennslustundirnar í staðnáminu eru í senn félagsmiðstöð og nám í móðurmáli, þar sem tengdur er uppruni og nýjar aðstæður.

Staðkennslan í pólsku undirstrikar mikilvægi þess að gefa börnunum tækifæri á að hitta jafningja. Í samvistum við jafningja fá nemendur tækifæri til að spegla persónuleika, færni og þroska í samskiptum og samvinnu á máli sem er þeirra eigið. Það er oft erfitt þegar samskiptin eiga sér stað á framandi tungu í nýju umhverfi. Sjálfsvitund er nátengd tungumáli og menningu og því er máltaka á nýju máli háð málþroska á móðurmáli og færni í því. Nám á nýju máli er alltaf háð námsgetu á móðurmáli þar sem í móðurmálinu liggur kjarni hugsunarinnar. Góð færni í móðurmáli er grundvöllur framfara í námi sem fram fer á öðru tungumáli. Það hefur sýnt sig að skilningur á því sem fram fer í kennslu á nýju máli getur verið meiri en nemandi er fær um að láta frá sér á nýja málinu.³ Dörnyei (2009) bendir á að við þessar aðstæður verði oft áreksstur á milli persónulegrar og félagslegrar sjálfsmýndar barnsins⁴ þar sem aðgengi að hópum með neikvæða sjálfsmýnd er þeim greiðara, en gjaldið fyrir að tilheyra þeim getur sett nemandann í andstöðu við námslega sjálfsmýnd sína og getu⁵.

Samkvæmt skýrslu Eurydice frá 2009 um aðlögun innflytjendabarna í evrópska skóla kemur fram að víðast hvar er „*Teaching of the mother tongue of Immigrant pupils (in the case of certain languages often taught outside the normal school timetable and/or as optional subjects in the curriculum)*“. Þessi skilgreining á þó eingöngu við staðnemendur í Tungumálaveri, þar sem boðið er upp á netnám fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Netnámið geta pólskir nemendur stundað innan ramma stundaskrár þegar

¹ Eurydice (2009). *Integrating Immigrant Children into the Schools of Europe*.

http://eacea.ec.europa.eu/ressources/eurydice/pdf/045EN/009_conclusions_045EN.pdf

² Council of Europe (2008). *White Paper on Intercultural Dialogue “Living together as equals in dignity”*. Launched by the Council of Europe Ministers of Foreign Affairs at their 118th Ministerial Session. Strasbourg, 7 May 2008.

³ Cameron, L. (2001). *Teaching Languages to Young Learners*. Cambridge: Cambridge University Press.

⁴ Dörnyei, Z. og Ushioda, E. (Ritsj.) (2009). *Motivation, Language Identity and the L2 Self*. Great Britain: Second Language Acquisition.

⁵ Oyserman et al. (2006). Possible selves and academic outcomes . How and when possible selves impel actions. *Journal of Personal and Social Psychology* 91 (1), 188-204.

þeir eiga stund lausa og/eða ef þeir hafa valið að fá móðurmál sitt skilgreint sem annað erlenda tungumálið í grunnskólanum (§ 16 í lögum um grunnskóla, 2008).

Könnunin dregur einnig fram mikilvægi upplýsingastreymis til foreldra þegar kemur að námi sem fram fer utan skólatíma. Allflestir foreldrarnir telja sig upplýsta um hvað er kennt, hvernig og hvernig staðið er mati, en rúmlega fjórðungur er því ekki sammála. Á meðan svo er ástatt þarf að bæta upplýsingagjöf til foreldra þar að lútandi.

Fram kemur í máli foreldra að í ýmsum tilvikum þurfa viðfangsefni að reyna meira á nemandann bæði hvað varðar inntak og form, en þau sem í boði eru. Það kallar á skipulag, sem gerðar hafa verið tilraunir með í Tungumálaveri og snúa að því að viðfangsefni eru skipulögð með það í huga að nemendur eru ólíkir hvað varðar námsgetu, námshvöt og stuðning að heiman.

Könnunin undirstrikar að foreldrar vilja samstarf við kennarann og einnig kemur fram ósk um að nemendur séu hvattir til að lesa sér til ánægju. Pólski ræðismaðurinn hefur styrkt kaup á bókum og uppflettiritum til pólskukennslunnar. Minna má á vettvangsferðir sem nemendur hafa farið á Borgarbókasafn í Gerðubergi og í Tryggvagötu. Þar hafa þeir fengið leiðsögn starfsfólks um pólskan bókakost safnsins sem er við þeirra hæfi. Borgarbókasafn hefur óskað eftir ábendingum um kaup á bókum sem hentað geta þeim aldurshópi sem skjól á í Tungumálaveri.

Þar sem nemendur dreifast á velflesta skóla Borgarinnar er í Tungumálaveri lögð áhersla á að foreldrar viti hver af öðrum, að þeir þekki til samnemenda barna sinna og hafi upplýsingar um þá. Slíkt tengslanet skapar öryggistilfinningu bæði hjá börnum og foreldrum og gerir foreldra samábyrga fyrir velferð barna sinna í nýju landi þar sem gilda aðrar aðstæður en heima fyrir. Foreldradagar og menningarviðburðir eru viðleitni til að skapa „bökkjaranda“ í foreldrahópnum og rjúfa einangrun þeirra sem þess þurfa með.

Ef miðað er við skýrslu Eurydice (2009) er kennsla pólskra barna í Reykjavík betur stödd en víða annars staðar þar sem nemendum stendur eingöngu kennsla í móðurmáli til boða fáa tíma á viku og utan skólatíma. Þar er netnáminu fyrir að þakka, en það eykur möguleika á auknum tímafjölda til náms, að nemendur stundi nám sitt á skólatíma og gerir meiri kröfur til nemenda um framsetningu og móttöku ritaðs máls.

Vert er að hafa í huga að pólskan er á öðru starfsári og kennarinn sem henni sinnir hefur í fyrsta sinn ábyrgð bæði á staðnámi og netnámi. Foreldrar láta að óspurðu í ljósi ánægju sína með kennarann.

Foreldrum ber að þakka skjót og jákvæð viðbrögð við því að taka þátt í könnuninni. Viðtökur þeirra og góðar ábendingar eru hvati að markvissu innra eftirliti og eftirfylgd á starfsemi Tungumálavers.

Febrúar 2010,

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir

netfang: bar@laugalaekjarskoli.is

sími: 5887509

vefur: www.laugalaekjarskoli.is/tung